

Fundargerð stjórnar BÍS 19/2015. miðvikudaginn 14. október 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Una Guðlaug Sveinsdóttir, formaður dagskráráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, tengiliður upplýsingaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Gestir undir lið 5 a). Hrönn Þormóðsdóttir, formaður SSR, Baldur Árnason, stjórn SSR, Arthur Pétursson, stjórn SSR, Páll Línberg Sigurðsson, stjórn SSR, Haukur Haraldsson, stjórn SSR og Jón Andri Helgason, verkefnastjóri SSR.

Fjarverandi:

Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi.

Dagskrá:

- 1) Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
- 3) Fimm mínútur foringjans. BB stýrði.
- 4) Yfirlit stjórnarmanna.
 - a) UGS. Smiðjudagar verða ekki í ár og verður verkefnahópur lagður niður. Heimsóknir til skátafélaga. Dagskráráð hefur bókað fjóra fundi af átta. Ungmennaráð. Mikil vinna í gangi. Þeir bera ábyrgð á Snapchat í samstarfi við upplýsingaráð. UGS upplýsti um að það var haft samband við dagskráráð um að taka verkefnið „á flóttu“ yfir af Rauða krossinum.
 - b) JÞG. Tilkynnir að hann taki sér leyfi frá störfum frá nóv til miðjan des.
- 5) Meginviðfangsefni:
 - a) **Heimsókn frá stjórn Skátasambands Reykjavíkur.** Stjórn Skátasambands Reykjavíkur kom í heimsókn. Farið var yfir hlutverk hvorrar einingar fyrir sig, stefnumörkun BÍS, SVÓT vinnu SSR, stöðu skátafélaganna í RVK, sameiginleg verkefni, rætt var um skörun verkefna og farið yfir næstu skref í fyrirliggjandi verkefnum. BB og HP falið að vinna að tillögum að nýju rekstrarformi Úlfljótuvatns og leggja fyrir stjórnir eiganda fyrir áramót. SSR eru að vinna að stefnumörkun útilífsskólana og munu boða aðra útilífsskóla til samstarfs. HP mun skila endurmatsskýrslu vegna Sumardagsins fyrsta fyrir áramót. BB er falið að bjóða stjórn SSR aftur á fund í apríl. HP falið að finna dagsetningu fyrir sameiginlegan fund stjórnar BÍS og stjórna skátafélaganna í RVK. Stjórn BÍS þakkar stjórnarmönnum SSR fyrir ánægjulega kynningu og góðar umræður.
 - b) Fjármál og fjáraflanir BÍS. HS gerði grein fyrir 8 mánaða uppgjöri BÍS og dótturfélögum þess, fór yfir helstu fjáraflanir BÍS og gerði grein fyrir því að hann hefði sent stjórnarmönnum yfirlit yfir hluta sinna ráða í fjárhagsuppgjöri BÍS.

Fjármál BÍŠ eru í jafnvægi. Miklar sviptingar hafa verið í Þjóðþrifum því Endurvinnslan hf tók svokallað umsýslugjald af söfnunum BÍŠ um síðustu mánaðamót og mun þetta skerða tekjur Þjóðþrifa verulega og þarf að grípa til jafnvægisáðgerða. Skátamót ehf. upplýsir um að það muni taka tímabundið lán þar til tekjur koma á móti árið 2017.

6) Afgreiðslumál:

- a) Starfsyfirlit starfsmanna var lagt fram.
- b) Alþjóðamál
 - i) Ferðabeiðnir.
 - (1) Róverway. Samþykkt.
- c) Bland í poka. Var haldið á Laugum í Sælingsdal. Þátttakendur rúmlega 50 og viðburðurinn gekk vel.
- d) Fundargerð frá Úlfljótsvatni lögð fram.
- e) Fundargerð og fundargögn frá aðalfundi Úlfljótsvatns sf. lögð fram.
- f) Forsetamerki. Merkið var afhent sunnudaginn 11. okt. í Bessastaðakirkju og fengu 22 skátar merkið við hátíðlega athöfn. Ólafur Ásgeirsson, Forsetamerkishafi númer eitt flutti hugvekju.
- g) Umboð. Stjórn veitir HS fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita afsöl vegna kaupa á lóðum og jörð í landi Úlfljótsvatns fyrir hönd BÍŠ.
- h) Fulltrúi samninganefndar Úlfljótsvatns sf. Samþykkt að BB verði okkar tengiliður.

7) Önnur mál:

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20:18.

Fundargerð ritaði HS.